

Mál nr. 154/2008

M og Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar B og A

Ekið á bifreið sem lagt var við Hverafold þann 12.12. 2007, ágreiningur um umfang tjóns.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 13.08. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 19.08. 2008, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni B var ekið aftan á bifreiðina A sem var kyrrstæð. Viðurkennd hefur verið bótaskylda vegna afturtjóns á A en hafnað er framtjóni sem og tjóni á rafeindabúnaði hennar.

M telur að við aftanákeyrsluna hafi bifreiðin hafnað á stórum steini sem var fyrir framan bifreiðina og að tjón hafi orðið á rafbúnaði hennar.

Vátryggingafélag B telur orsakatengsl milli bilunar á rafeindakerfi bifreiðarinnar A og árekstursins ekki fyrir hendi.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á frekari greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Fyrirliggjandi gögn sanna ekki umfang þess tjóns sem M telur að hafi orðið.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir umfram það sem þegar hefur verið viðurkennt.

Reykjavík 9. september 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.